

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

1. tbl. 29. árgangur • Mars 2018





Forsíðumynd
Sigrún Hildur Tryggvadóttir og Þjóðverjinn Henrik Cater voru kjörin trúnaðarmenn fyrir framleiðslustarfsmenn og starfsmann á skrifstofu PCC á Bakka

Gengið frá kjöri á trúnaðarmönnum

Framsýn stóð fyrir fundi með starfsmönnum PCC á Bakka í byrjun árs. Á fundinum var farið yfir starfsemi Framsýnar, viðræður félagsins við Samtök atvinnulífsins vegna samkomulags sem unnið er að um kjör og aðbúnað starfsmanna PCC sem koma frá nokkrum þjóðlöndum. Að lokum var gengið frá kjöri á tveimur trúnaðarmönnum starfsmanna. Starfsmennirnir, Sigrún Hildur Tryggvadóttir og Henrik Cater fengu góða kosningu og gildir kjör þeirra til tveggja ára. Þau verða trúnaðarmenn fyrir almenna framleiðslustarfsmenn og starfsfólk á skrifstofu PCC sem eru félagsmenn í Framsýn. Fjórir trúnaðarmenn verða starfandi í verksmiðjunni, tveir fyrir félagsmenn Framsýnar og einn fyrir iðnaðarmenn innan Þingiðnar og annar fyrir rafvirkja innan Rafiðnaðarsambandsins. Um 110 starfsmenn verða starfandi hjá PCC BakkiSilicon en þessar vikurnar er unnið að því að standsetja verksmiðjuna svo hún geti hafið starfsemi innan tíðar.



Hress og mögnuð, framleiðslustarfsmennirnir Sigrún Hildur Tryggvadóttir og Þjóðverjinn Henrik Cater voru kjörin trúnaðarmenn fyrir framleiðslustarfsmenn og starfsmann á skrifstofu PCC á Bakka á fundi sem Framsýn boðaði til með starfsmönnum. Stærstur hluti starfsmanna verður í Framsýn.



Framsýn átti góðan fund með starfsmönnum PCC á Bakka. Rúmlega hundrað manns koma til með að starfa hjá fyrirtækinu.

Volunteering.is -Erlendir sjálfbóðaliðar-

Síðastliðin vetur ákvað ASÍ að setja upp sérstaka vefsíðu fyrir fólk sem hefur í hyggju að koma til Íslands sem sjálfbóðaliðar. Það hefur nú verið gert. Á síðunni kemur verkalyðshreyfingin sínum skoðunum á sjálfbóðaliðastarfsemi á framfæri en eins og kunnugt er þá eru sjálfbóðaliðar í efnahagslegri starfsemi bannaðir á Íslandi. Á síðunni er meðal annars bent á þá staðreynd sem og fólk er hvatt til að gera launakröfur í takt við það starf sem það hefur í hyggju að sinna. Með því að fara inn á vefsíðuna volunteering.is er hægt að fræðast betur um málið.

Ný flugvél í flota Flugfélagsins Ernis

Flugfélagið Ernir mun taka í notkun nýja Dornier 328 flugvél með vorinu. Flugvélin verður notuð á flesta áfangastaði flugfélagsins en þó væntanlega mest á Húsavík, Höfn og Vestmannaeyjar. Flugvélin mun einnig nýtast í leiguverkefni með hópa bæði hér innanlands og eins erlendis s.s. til Grænlands og Norðurlandanna en hún tekur 32 farþega. Að sjálfsögðu er þetta mikið fagnaðarefni en um 4.400 félagsmenn stéttarfélaganna í Þingiðnar sýslum flugu milli Húsavíkur og Reykjavíkur á síðasta ári sem sparði þeim tæplega 50 milljónir, það er að fljúga á sérkjörum stéttarfélaganna.



Félagsmenn stéttarfélaganna spöruðu sér tæplega 50 milljónir á árinu 2017 með því að fljúga á sérkjörum stéttarfélaganna. Eftir nokkrar vikur gefst þeim tækifæri á að fljúga með nýrri flugvél sem Flugfélagið Ernir hefur fest kaup á.

Trúnaðarmenn klárir

Þingiðn og Rafiðnaðarsamband Íslands stóðu fyrir sameiginlegum fundi í janúar með iðnaðarmönnum sem starfa hjá PCC á Bakka. Tilgangur fundarins var að fara yfir kjaramál, starfsemi iðnaðarmannafélaganna og kjósa trúnaðarmenn fyrir iðnaðarmenn. Fundurinn var málefnalegur og góður. Sigmar Tryggvason og Patryk Marcinkowski voru kjörnir trúnaðarmenn starfsmanna, Patryk fyrir félagsmenn Þingiðnar og Sigmar fyrir rafíðnaðarmenn. Tæplega 20 iðnaðarmenn koma til með að starfa hjá PCC á Bakka.



Sigmar og Patryk verða í forsvari fyrir iðnaðarmenn sem koma til með að starfa hjá PCC BakkiSilicon hf.

Fullgildur félagsmaður - hvað er það?



Til að fyrirbyggja misskilning er rétt að taka skýrt fram að menn gerast ekki sjálfkrafa fullgildir félagsmenn í stéttarfélagi með því að greiða iðgjald/félagsgjald af sínum atvinnutekjum til stéttarféлага. Samkvæmt lögum og reglum Framsýnar þurfa greiðendur að undirrita inntökubeiðni í félagið til að teljast fullgildir félagsmenn. Einnig gildir sú regla skv. 5. gr. laga Framsýnar, að ef iðgjöld berast félaginu í tiltekinn tíma er viðkomandi ritað bréf og honum sagt að ef hann hafi ekki samband tilkynnt að hann vilji ekki vera fullgildur félagsmaður, þá telist hann eftir tiltekinn tíma vera það.

Ósáttir við kjarasamninginn

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar var haldinn í lok desember og var vel sóttur. Að venju urðu líflegar umræður um málefni sjómanna ekki síst kjaramál. Fram kom á fundinum að sjómenn eru mjög óánægðir með síðasta kjarasamning Sjómannasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Eða eins og einn fundarmaðurinn orðaði það „kjarasamningurinn er ómurlægur“. Jafnframt urðu umræður um félagsaðild að sjómannafélögum og verkfallsbætur. Menn lýstu yfir ánægju sinni með sterkan verkfallsjóð Framsýnar sem hefði komið sér vel fyrir sjómenn innan félagsins í verkfallinu í byrjun árs sem fengu um 12 milljónir úr sjóðnum meðan dæmi væru um að félög innan Sjómannasambandsins hefðu átt í erfiðleikum með að greiða sjómönnum út verkfallsbætur í 10 vikna verkfalli sjómanna. Mikilvægt væri að félögin huguðu að því að byggja upp sterka verkfallssjóði innan félaganna. Ljóst er að sjómenn innan Framsýnar eru ekki sérstaklega ánægðir með núverandi lífeyrissjóðakerfi og kom fram hörð gagnrýni á kerfið og hvernig sjóðirnir hafa verið ávaxtaðir á undanföllum árum. Mikilvægt væri að fækka lífeyrissjóðum með sameiningum og þá ættu sjóðsfélagar að hafa meira val um í hvaða lífeyrissjóði þeir greiddu. Fundurinn samþykkti að senda frá sér svohljóðandi ályktun:

„Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar telur mikilvægt að fækka lífeyrissjóðum með hagsmunum sjóðsfélaga að leiðarljósi. Núverandi fyrirkomulag er allt of dýrt að mati sjómanna innan Framsýnar og kallar á frekari hagræðingu. Þá telur fundurinn að auka eigi frelsi sjómanna til að velja sér lífeyrissjóð.“

Á fundinum var einnig gengið frá kjöri á stjórn deildarinnar en hún var endurkjörin, hana skipa fyrir næsta starfsár:

Jakob Gunnar Hjaltalín formaður
Heiðar Valur Hafliðason varaformaður
Björn Viðar ritari
Kristján Hjaltalín meðstjórnandi
Reynir Hilmarsson meðstjórnandi

Rétt er að taka fram að hægt er að fræðast betur um fundinn með því að fara inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is.



Formaður og varaformaður deildarinnar voru ánægðir með fundinn sem var mjög vel sóttur. Þetta eru þeir Jakob Gunnar Hjaltalín formaður og Heiðar Valur Hafliðason varaformaður.



Ofurhetjurnar, Brynjar og Hilmar þungt hugsi á fundinum.



Fundir sjómanna innan Framsýnar eru líflegustu fundir sem haldnir eru á vegum félagsins. Það verður seint sagt um sjómenn að þeir séu skoðanalausir.

Fjölmennt trúnaðarmannanámskeið

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum stóðu fyrir trúnaðarmannanámskeiði í síðustu viku. Þátttakan var mjög góð en um 30 trúnaðarmenn tóku þátt í námskeiðinu sem stóð yfir í tvo daga. Leiðbeinandi var Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla alþýðu. Meðfylgjandi myndir voru teknar á námskeiðinu.



Væntanlega heimsmet

Á þessari mynd eru heiðursþjónin Unnur Kjartansdóttir og Torfi Aðalsteinsson ásamt dóttur þeirra sem ber nafnið Sunna Torfadóttir. Þau tóku öll þátt í trúnaðarmannanámskeiði stéttarfélaganna sem haldið var í síðustu viku sem væntanlega er einsdæmi. Það er að þrjár úr sömu fjölskyldu séu trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum, Torfi hjá Jarðborunum, Unnur hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Sunna hjá N1 á Húsavík.



Laun hækka hjá ríkisstarfsmönnum

Laun þeirra ríkisstarfsmanna sem eru í aðildarfélögum Starfsgreinasambands Íslands fá nú í fyrsta sinn svokallaða launaskriðstryggingu sem gefur að meðaltali 1,8% hækkun á laun afturvirkir frá 1. janúar 2017. Hækkunin nær til starfsmanna Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar sem starfa hjá ríkinu. Nánar má lesa um málið á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands. Einnig munu laun félagsmanna Starfsmannafélags Húsavíkur hækka um 1,3% afturvirkir á sama tímabili eins og lesa má um á heimasíðu BSRB.

Löglegar kvittanir

Rétt er að ítreka við félagsmenn sem leita til stéttarfélaganna eftir endurgreiðslum úr sjóðum félaganna að skila inn löglegum kvittunum fyrir útlögðum kostnaði.

Stéttarfélögin



STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



FRAMSÝN

Flottasta fólkið

Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir samlestri á kjarasamningum í Reykjavík á dögunum. Til fundarins voru boðaðir formenn og starfsmenn stéttarfélagana enda mikilvægt að þessi hópur sé með eina skýra línu er varðar túlkun kjarasamninga og þær breytingar sem þarf að gera á innihaldi kjarasamninganna svo forðast megi mismunandi túlkanir. Fulltrúar frá Framsýn og Verkalýðsfélagi Akraness sátu saman á borði á fundinum, hér má sjá Jónínu Hermanns og Lindu Baldurs með Vilhjálmi Birgissyni formanni VA. Það fór vel á með þeim á fundinum eins og sjá má á myndinni sem þarf reyndar ekki að koma á óvart enda gott samstarf milli félaganna í ýmsum málum.



Villi, Linda og Nína voru í góðum gir á vinnufundi Starfsgreinasambands Íslands.

Stofnanasamningar endurnýjaðir

Fyrir áramót gengu Framsýn og Starfsmannafélag Húsavíkur frá nýjum stofnanasamningi við Framhaldsskólann á Laugum. Samningurinn nær til félagsmanna þessara tveggja félaga. Áður höfðu félögin gengið frá stofnanasamningum við Framhaldsskólann á Húsavík.



Laugaskóli.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga trúnaðarmenn að vera á öllum vinnustöðum þar sem starfa 5 eða fleiri starfsmenn. Stéttarfélögin beina þeim tilmælum til félagsmanna að þeir kjósi sér trúnaðarmenn á viðkomandi vinnustöðum. Vilji félagsmenn fá aðstoð við kjörið er velkomið að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Framsýn
Þingið

Þak á sólstofu lagað

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því að gera við húsnæði stéttarfélagana á Húsavík en húsnæðið var komið á verulegt viðhald. Búið er að mála húsið, gera við loftinntök við þak og nú fyrir jólin voru iðnaðarmenn við störf við þakviðgerðir á sólstofu sem hefur ekki haldið vatni. Þá stendur til að skipta um járn á öllu þakinu í sumar enda komið á mikið viðhald og nánast ónýtt. Eftir að þeim framkvæmdum lýkur verður húsnæðið orðið eins og nýtt. Á myndinni eru víkingarnir Jónmundur Aðalsteinsson og Vigfús Þór Leifsson við störf en þeir starfa hjá Norðurvík.



Stjórn Þingiðnar í stuði


Stjórn Þingiðnar kom saman til fundar fyrir áramótin sem var um leið síðasti fundur ársins. Mörg mál voru á dagskrá fundarins. Gengið var á kjöri fulltrúa félagsins í sambandsstjórn Samiðnar, samþykkt var að styrkja starfsemi Blakdeildar Völsungs og þá var aðgerðaráætlun um einelti og kynbundið ofbeldi tekin til umræðu. Jafnframt urðu umræður um samningamál við PCC á Bakka, komandi aðalfund og viðbrögð Laganefndar ASÍ við breytingum á lögum félagsins sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi. Síðast en ekki síst, þá tók stjórnin ákvörðun um að leggja fyrir næsta aðalfund félagsins tillögu um að stofnaður verði fræðslusjóður innan þess sem hafi það markmið að styðja við bakið á félagsmönnum sem stunda nám eða sækja námskeið. Stjórn Þingiðnar er vel skipuð mönnum innan félagsins, þeim Jónasi formanni, Vigfúsi, Þórði, Kidda og Hólmgeiri.



Rísa tilboð!

-Saga Verkalýðsfélagsins á einstöku tilboði-

Ákveðið hefur verið að framlengja tilboð á sögu Verkalýðsfélags Húsavíkur „Fyrir neðan bakka og ofan“. Ritverkið var á þessu tilboði í desember og seldist bókinn þá mjög vel. Þar sem viðtökurnar voru mjög góðar hefur verið ákveðið að framlengja tilboðið. Um er að ræða þrjár bækur sem fjalla um sögu verkalýðshreyfingarinnar, atvinnulífs og stjórn mála á Húsavík í 100 ár. Sögusviðið er frá 1885 til 1985. Ritverkið hefur fengið einstaklega góða dóma hjá fræðimönnum. Tilboðsverðið er kr. 3.000,- og er hún til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Gleði á jólafundi Framsýnar

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar auk starfsmanna félagsins, trúnaðarmanna á vinnustöðum og stjórn deilda innan félagsins komu saman til fundar fyrir jólin. Auk venjulegra fundarstarfa var boðið upp á heimatilbúin skemmtiatriði og kvöldhressingu frá Fosshótel Húsavík. Fundurinn fór vel fram og var mikið hlegið þegar leið á kvöldið enda gaman saman, sérstaklega þegar félagsmenn Framsýnar eiga í hlut. Sjá myndir frá fundinum:



Aðgerðaráætlun samþykkt

Innan Framsýnar hefur verið unnið að því að ljúka vinnu við gerð aðgerðaráætlunar gegn einelti og kynbundnu áreitni. Vinnunni er nú lokið. Áætlunin nær til starfsmanna Framsýnar og allra þeirra sem starfa á vegum félagsins að málefnum sem heyra undir starfsemi Framsýnar. Að vinnunni hafa komið fjölmargir, það er stjórn félagsins, trúnaðarráð, trúnaðarmenn á vinnustöðum og starfsmenn stéttarfélaganna. Fyrirmyndin sem unnið hefur verið eftir er skjal sem Starfsgreinasamband Íslands vann um þetta mikilvæga mál. Sambandið ætlast til þess að stéttarfélögin innan sambandsins sem eru 19 taki upp þessa áætlun sem Framsýn hefur þegar samþykkt að gera. Hægt er að nálgast aðgerðaráætlunina inn á heimasíðu félagsins.

Nemendur FSH í heimsókn

Í byrjun desember komu nokkrir nemendur Framhaldsskólans á Húsavík í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna til þess að fræðast um tilgang og starfsemi stéttarféлага. Tekið var á móti þeim með stuttri glærusýningu um viðfangsefnið og síðan bauðst gestunum að koma fram með spurningar. Að sjálfsgöðu var nemendum boðið upp á hinar sívinsælu Framsýnar-húfur. Þessar heimsóknir eiga sér langa sögu og eru alltaf jafn ánægjulegar.



Framtíðin er björt á Húsavík sé tekið mið af þessum glæsilegum drengjum sem komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að fræðast um starfsemi félaganna.

Veikindi á meðgöngu

Af og til fá starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna fyrirspurnir frá atvinnurekendum og félagsmönnum um fæðingarorlof. Það á sérstaklega við ef um einhverskonar undantekningar er að ræða eins og ef meðganga er erfið og verðandi móðir neyðist til þess að hætta að vinna fyrir en áætlað er. Í slíkum tilfellum er möguleiki á að fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði fyrir fæðingu. Um þessi tilfelli segir á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs:

„Sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að mati sérfræðilæknis að leggja niður launuð störf eða hætta þátttöku á vinnumarkaði skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. a. (þungaðar konur sem eru að fá greiddar atvinnuleysisbætur) meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar niður frá þeim tíma og hefst þá hið eiginlega fæðingarorlof. Með umsókn um lengingu fæðingarorlofs þarf að fylgja læknisvottorð sérfræðilæknis sem rökstyðja skal þörf fyrir framlengingu og staðfesting vinnuveitanda og/eða Vinnuálastofnunar, eftir því sem við á, þar sem fram kemur hvenær umsækjandi hætti störfum, hvenær launagreiðslur féllu niður og hvenær veikindaréttur var fullnýttur.“



Mikilvægt er að verðandi foreldrar séu upplýstir um réttindi sín úr Fæðingarorlofssjóði.

Hangikjöt í hádegini

Það er góður starfsandi í húsnæði stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Auk stéttarfélaganna eru nokkur fyrirtæki með starfsemi í húsnæðinu. Starfsmenn gera sér reglulega dagamun, nú síðast fyrir áramótin þegar þeir gerðu sér dagamun þar sem stutt var til jóla. Boðið var upp á hangikjöt í einu hádegini með jafning og öðru tilheyrandi meðlæti. Í eftirrétt var ís og ávestir upp á gamla máttann.



Liðtæki ljósmyndarinn

Á efri hæð Garðarsbrautar 26 sem er í eigu stéttarfélaganna voru nýlega hengdar upp stækkaðar myndir eftir Hafþór Hreiðarsson. Þær eru afar vel heppnaðar og taka sig vel út á veggjunum. Hafþór leit við til að taka verkið út og ekki var annað að heyra á honum en að hann væri ánægður með árangurinn.



Starfsmennastyrkir hækka til verslunar- og skrifstofufólks



Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks hefur samþykkt hækkun á styrkjum til félagsmanna sjóðsins. Hækkunin tók gildi um um áramótin og gildir fyrir félagsmenn Framsýnar sem starfa við verslunar- og/eða skrifstofustörf.

Veittur er hámarksstyrkur allt að kr. 130.000 á ári.

90% af námi/starfstengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnugjaldi – hámark 130 þúsund.

50% af tómstund – hámark 30 þúsund (dregst frá hámarksstyrk).

50% af ferðastyrk vegna náms – hámark 40 þúsund (dregst frá hámarksstyrk).

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að félagsmaður greiði kostnað við námsgjöld, námskeiðsgjöld eða ráðstefnugjöld.

Uppsöfnun einstaklinga til þriggja ára verður því kr. 390.000,- fyrir einu samfelldu námi.

Veittir fyrirtækjastyrkir hækkuðu einnig um síðustu áramót í samræmi við styrki til einstaklinga. Frekari upplýsingar má nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík eða inn á starfsmennt.is



Verslunar- og skrifstofufólk innan Framsýnar á rétt á góðum námsstyrkjum eða allt að kr. 390.000,-.

13 milljónir í námsstyrki

Eins og fram kemur í Fréttabréfinu bjóðast félagsmönnum stéttarfélaganna góðir styrkir til starfsmenntunar. Í því sambandi má geta þess að alls fengu 317 félagsmenn Framsýnar námsstyrki á síðasta ári samtals um 13 milljónir.

Góður réttur atvinnurekenda

-Háir námskeiðsstyrkir í boði-

Rétt er að áréttu að fyrirtækjum, félagasamtökum, stofnunum og sveitarfélögum stendur til boða að fá góða styrki til starfsmenntunar á viðkomandi vinnustöðum. Það á einnig við ef starfsmenn þeirra stunda nám eða sækja námskeið á vegum fræðsluaðila. Það er ef starfsmennirnir eru sendir á námskeið eða í skóla á vegum þeirra atvinnurekenda sem þeir starfa hjá. Þá koma til niðurgreiðslur til viðkomandi atvinnurekenda. Réttur starfsmanna er hins vegar sjálfstæður velji þeir að sækja námskeið/nám á eigin vegum. Þá kemur til réttur þeirra hjá stéttarfélagunum sem hefur ekki áhrif á rétt atvinnurekenda úr almennum fræðslusjóðum aðila vinnumarkaðarins. Forsendan fyrir styrkveitingum er að starfsmenn séu félagsmenn í Framsýn eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar.

Nýársgjöf til félagsmanna stéttarfélaganna

Stéttarfélagin, Framsýn, Þingið, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Starfsmannafélag Húsavíkur hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á sama góða verðið á flugmiðum á vegum félaganna milli Húsavíkur og Reykjavíkur með flugfélaginu Erni á árinu 2018. Verðið verður áfram kr. 8.900,- per flugferð. Á síðasta ári seldu félagin um 4400 flugmiða til félagsmanna en í heildina fóru rúmlega 18 þúsund farþegar um flugvöllinn. Ljóst er að þetta er ein besta kjarabót sem félagin geta boðið upp á enda hafa fjölmargir félagsmenn lýst yfir mikilli ánægju sinni með framtak félaganna að bjóða þeim upp á ódýrt flug milli Húsavíkur og Reykjavíkur. „Þetta eru aukin lífsgæði eins og einn eldri félagsmaður orðaði það „Nú get ég farið suður og heimsótt börn og barnabörn án þess að það kosti augun úr.“



Góð kjarabót fyrir félagsmenn. Stéttarfélagin hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á óbreytt verð á flugmiðum árið 2018.

Námsstyrkir hækka til félagsmanna á nýju ári

Félagsmenn Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar geta farið jákvæðir inn í nýtt ár þar sem ákveðið hefur verið að hækka verulega námsstyrki til félagsmanna. Þessar breytingar eiga ekki við um verslunar- og skrifstofufólk innan félaganna. Sjá aðra frétt um málið. Þar kemur fram að verslunar- og skrifstofufólk fær einnig góðar hækkunir en með öðrum hætti. Varðandi hækkunir til almennra félagsmanna, þá er um að ræða breytingar á hámarki einstaklingsstyrkja sem taka gildi hjá öllum sjóðunum fjórum, Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt sem stéttarfélagin eiga aðild að fyrir sína félagsmenn.

Hámarksgreiðsla á ári fer úr kr. 75.000,- fyrir almennt nám í kr. 100.000,-

Þriggja ára uppsafnaður styrkur hækkar úr kr. 225.000,- í kr. 300.000,- fyrir eitt samfellt nám.

Hámarksstyrkur vegna námskeiða sem falla undir frístunda/tómstundanámskeið munu hækka í kr. 30.000,- á ári og dregst jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks þess árs.

Þá er athygli vakin á því að sérstakur styrkur vegna meiraprófs fellur undir almenna einstaklingsstyrki og verður því áfram kr. 100.000,-

Um er að ræða breytingar sem tóku gildi 1. janúar 2018 og þá gagnvart því námi sem hefst frá og með þeim tíma. Aðrar reglur verða óbreyttar og gilda samhliða fyrrgreindum breytingum.



Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á góða styrki til starfsmenntunar. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Öflugt stéttarfélag á sterkum grunni

Ósk Helgadóttir varaformaður fór yfir starf Framsýnar á liðnu ári á jólafundi félagsins í desember. Starfsmenn og trúnaðarmenn félagsins, stjórnir deilda, trúnaðarráð og aðalstjórn félagsins var boðið til fundarins. Hér má lesa ávarp varaformannsins:

Nú þegar árið er senn á enda er við hæfi að staldra aðeins við, líta um öxl yfir liðna mánuði, en freista þess jafnframt að hvarfla augum til komandi árs.

Árið 2016 kvaddi í skugga sjómannaverkfalls sem teygði langa fingur sína allt fram í febrúarmánuð. Verkfall er nokkuð sem er allra síðasti kostur, neyðarbrauð sem fæstir kjósa. Margir aðrir en sjómenn liðu fyrir ástandið, svo sem fiskvinnslufólk sem víða um land varð fyrir verulegum tekjumissi sökum hráefnisskorts.

Síðustu ár hefur verið rífandi uppgangur í atvinnulífi víðast hvar í Þingeyjarsýslum og því hefur lítið verið um atvinnuleysi. Ég gæti vissulega nefnt margt, eins og til dæmis gríðarlegan vöxt ferðaþjónustunnar, ég gæti nefnt hina nýju atvinnustarfsemi, sem er ksilmaímverksmiðja PCC á Bakka og þau mörgu afleiddu störf sem skapast hafa í kringum það verkefni. Hér hefur staðið yfir mesta iðnaðaruppbygging í sögu Norðurlands og hundruð manna verið störfum á Bakkasvæðinu og í kringum orkuuppbygginguna því samhliða á Þeistareykjum. Verktakar, verkamenn, iðnaðarmenn og sérfræðingar af öllum mögulegum þjóðernum. Álag hefur því verið mikið á starfsmenn skrifstofu stéttarfélaganna, en þau hafa staðið vaktina hér með miklum sóma, auknum framkvæmdum fylgir eðlilega að í fleiri horn þarf að líta.

Vaðlaheidargöng munu væntanlega verða tekin í notkun seint á næsta ári, þau koma til með að greiða aðgang fólks á okkar atvinnusvæði að fjölbreyttari vinnumarkaði. Göngin annars vegar og uppbyggingin á Bakka hins vegar munu efla byggð í Þingeyjarsýslu og stuðla að samfelldu atvinnusvæði frá Eyjafirði og austur um.

En í öllum þessum hamagangi megum við samt ekki gleyma að hlúa að þeim atvinnugreinum sem hafa verið kjölfestan okkar. Það er sótt að landbúnaði og sjávarútvegi. Við skulum einnig hafa það í huga þó að töluverð fólksfjölgun hafi þegar orðið í kringum aðal atvinnusvæðið á Bakka, þá er staðan ekki þannig í öllum byggðarlögum Þingeyjarsýslna. Og um þau ber okkur að standa vörð.

Eitt af verkefnum okkar á komandi ári verður að minnast 100 ára afmælis verkakvinnafélagsins Vonar, en það var stofnað af konum hér í bæ 28. apríl árið 1918. Við minnumst þessara tímamóta með ýmsum hætti, meðal annars með ljósmyndasýningu af konum við störf, og hugmyndin er að þær myndir sem valdar verða á sýninguna muni að henni lokinni prýða vegg í nýuppgerðu húsnæði okkar hér á efri hæðinni, en húsnæðið er að mestu í útleigu.

Annað verkefni sem komið er á koppinn tengt afmælinu er útgáfu bókar sem hefur að geyma ljóð eftir Björgu Pétursdóttur, en Björg var aðalhvatamaðurinn að stofnun félagsins.

Á stofnfundi Vonar var samþykkt að árstíllagið yrði 1kr. og var það stofnfé að svokölluðum sjúkrasjóði sem eingöngu var notaður til að styrkja konur í veikindum. Sjóðurinn var látinn standa óhreyfður á vöxtum þar til hann var orðinn 1000 kr, þá mátti úthluta vöxtunum. Þessi samtryggingarsjóður Vonarkvanna átti eftir að léttu undir á heimilum þar sem veikindi stöðjuðu að og styrktu félagskonur sjóðurinn sinn með ýmsum hætti, s.s. tombólum og kartöflurækt.

Ég hóf þennan lestur minn á því að nefna sjómannaverkfallið. Sjómenn innan Framsýnar stóðu þar keikir sína vakt, 10 vikna verkfall tekur vissulega í pyngjuna, en okkar menn sóttu bætur í verkfallssjóð félagsins, og voru það almennt hærrí greiðslur en önnur félög innan Sjómannasambands Íslands greiddu. Ég nefni þetta af því að við skulum halda því til haga að sjóðir félagsins hafa ekki orðið til að sjálfu sér. Eins og sjúkrasjóður Vonarkvanna hafa þeir sprottið af litlum efnun forvera okkar sem ávöxtuðu sitt fé með framsýni og dug og fólu okkur það til áframhaldandi varðveislu.

Hvað komandi ár ber í skauti sér veit víst enginn, en skulum horfa bjartsýn fram á veginn. Snemma næsta árs munum við hefja undirbúning að mótun kröfugerðar vegna væntanlegra kjaraviðræðna við okkar viðsejendur, en kjarasamningar eru lausir á næsta ári.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar gefur gefur meðal annars á að



líta fyrirheit um bætta samgöngur, uppbyggingu heilbrigðiskerfis og styrkingu atvinnu – og byggðamála. Hvort saman fara orð og efndir á eftir að koma í ljós, en það er okkar hlutverk að standa um það vörð og fylgja málum eftir.

Ég held að ég ljúgi engu þegar ég segi að félagið okkar sé sterkt félag. Við eigum öfluga sjóði sem við getum sótt í á erfiðum tímum, góðan aðgang að starfsmenntastyrkjum, orlofskosti höfum við góða og samningurinn við flugfélagið Erni er ein mesta kjarabót sem Framsýn hefur samið um fyrir félagsmenn sína.

Já, við erum sterk. Framsýn veitir árlega fjölda styrkja beint inn í samfélagið, við erum bakhjarlar í æskulýðs- og íþróttastarfsemi í héraðinu, veitum styrki til menningarmála, stöndum fyrir fundum og viðburðum af ýmsum toga og ályktum um ýmis málefni. Við látum

rödd okkar heyrast, erum stólpi í samfélaginu.

En mannaúður er samt okkar mesti styrkur, það er sá styrkur er liggur í þeim öflugu einstaklingum sem vinna fyrir félagið okkar. Fólki sem er tilbúið að takast á við krefjandi störf, förna tíma sínum og sinna því sem það er kosið til eða ráðið til að starfa. Og styrkur okkar til framtíðar er það unga fólk sem kys að starfa fyrir félagið okkar. Kraftmiklir einstaklingar í Framsýn – ung hafa látið að sér kveða og haldist það starf áfram öflugt er framtíð okkar félags björt.

Kæru vinir. Hafid þakkir fyrir ykkar óeigingjarna starf í þágu félagsmanna.

Sigríður tekur við VP

Nú liggur fyrir að Sigríður Jóhannesdóttir tekur við starfi formanns Verkalýðsfélags Þórshafnar á næsta aðalfundi félagsins. Svala Sævarsdóttir sem verið hefur formaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Hún verður hins vegar áfram í stjórn. Auk hennar verða í aðalstjórn Hulda I. Einarsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Ari Sigfús Úlfarsson. Nánar verður hægt að nálgast upplýsingar um þá sem skipa trúnaðarstöður fyrir félagið inn á heimasíðu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, framsyn.is



Sigríður tekur við formennsku í VP á næsta aðalfundi félagsins. Í dag er hún starfsmaður félagsins en félagið er með skrifstofu í íþróttahúsinu á Þórshöfn.

Birna gerir hreint fyrir sínum dyrum

Það eru margir farnir að bíða eftir vorinu og sumrinu reyndar líka. Ein af þeim er Birna Ásgeirsdóttir starfsmaður Þekkingarnets Þingeyinga sem hér er að þrifa planið fyrir framan Þekkingarnetið á dögnum en starfsstöðin er niður við höfn, það er á hafnarstéttinni.



Gleði og hamingja í jólakaffi stéttarfélaganna

Að venju lagði fjölmenni leið sína í jólakaffi stéttarfélaganna, það er fólk á öllum aldri. Hefð er fyrir því að félögin standi fyrir viðburði sem þessum í desember á hverju ári. Mikil ánægja er meðal bæjarbúa og gesta með framtakið, það er að félögin bjóði öllum þeim sem vilja að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og þiggja veitingar og hlýða á frábær tónlistartriði frá tónlistarskólanum á Húsavík. Stéttarfélögin þakka fyrir sig. Sjá myndir:



Leifur Vilhelm Baldursson hefur komið með nemendur Tónlistarskóla Húsavíkur í jólaboð stéttarfélaganna svo lengi sem menn muna. Hann hefur starfað við gítarkennslu hjá skólanum frá árinu 1981. Nú er hann hins vegar að láta af störfum í vor eftir langt og farsælt starf. Stéttarfélögin vilja nota tækifærið og þakka honum fyrir framlag hans til jólaboðs stéttarfélaganna í gegnum tíðina.

Arnór uppfærir vefinn

Arnór Aðalsteinn Ragnarson hefur tekið að sér viðhald á vef stéttarfélaganna, Framsyn.is. Arnór sem hefur lokið prófi í vefþróun frá Tækniskólanum er nýlega fluttur til Húsavíkur með sína fjölskyldu og hefur hafið sjálfstæðan rekstur í vefhönnun, vefsíðugerð og aðra slíka þjónustu. Arnór kemur til með að þjónusta vefsíðuna eftir þörfum. Þess má geta að aðrir sem kynnu að hafa áhuga á þjónustu Arnórs geta náð í hann í síma 8669685.



Hér má sjá Arnór vera búinn að koma sér fyrir á Garðarsbraut 26 ásamt Aðalsteini J. Halldórssyni, starfsmanni stéttarfélaganna.

Framsýn hvetur lífeyrissjóði til að halda sínu striki

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti nýlega að hvetja lífeyrissjóði á samningssviði ASÍ og Samtaka atvinnulífsins að draga tímabundið til baka valkvæði sjóðsfélaga um að ráðstafa auknu framlagi í tilgreinda séreign.

Stjórn Framsýnar er alfarið á móti því að stíga þetta skref til baka. Lífeyrissjóðirnir hafa þegar haldið auka ársfundi til að breyta samþykktum sjóðanna svo þeir geti tekið við auknum framlögum sjóðfélaga í viðkomandi lífeyrissjóði. Þessi hringlandaháttur ASÍ er með ólíkindum og ekki til þess fallinn að auka tiltrú fólks á lífeyrissjóðakerfinu. Þess vegna hafnar stjórn Framsýnar tilmælum miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og hvetur stjórnir lífeyrissjóða til að fylgja eftir áður samþykktum breytingum á regluverki sjóðanna sem gerir þeim kleift að taka á móti tilgreindri séreign. Þá telur Framsýn mikilvægt að Alþingi afgreiði ný lög um lífeyrissjóði, lög sem voru í undirbúningi áður er ríkisstjórnin féll frá.

Fleiri stéttarfélög og sambönd hafa einnig tekið málið fyrir og ályktað í takt við skoðanir Framsýnar.

Listi stjórnar og trúnaðarráðs samþykktur

Nú liggur fyrir að ekki bárust fleiri tillögur um félagsmenn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Framsýnar fyrir næsta kjörtímabil sem eru tvö ár. Kjörnefnd félagsins skilaði tillögum sínum til stjórnar og trúnaðarráðs sem voru síðan auglýstar á heimasíðu félagsins og í Skarpi samkvæmt ákvæðum laga félagsins. Stíllt var upp í tæplega 80 stöður í félaginu. Þar sem ekki bárust aðrar tillögur skoðast listinn samþykktur. Frestur til að skila inn nýjum tillögum rann út 28. febrúar. Vel gekk að koma saman listanum og er töluvert um breytingar. Sem dæmi má nefna að Börkur Kjartansson kemur nýr inn í varastjórn félagsins. Nýir í trúnaðarráði eru Brynjar Smárason, Magnea D. Arnardóttir, Guðlaug Ívarsdóttir, Kristján Önundarson, Garðar Finnsson, Unnur Kjartansdóttir, Guðrún Steingrimsdóttir og Sigrún Hildur Tryggvadóttir.



Börkur Kjartansson er einn þeirra sem kemur nýr inn í störf Framsýnar. Mikill áhugi er fyrir því að starfa fyrir félagið.

Lögfræðipjónusta á Húsavík

Eins og fram kemur í auglýsingu í Fréttabréfinu hafa stéttarfélögin gert samning við lögmannsstofuna PACTA um almenna lögfræðipjónustu fyrir félagsmenn. Lögmannsstofan er með útibú á Húsavík að Garðarsbraut 26, efri hæð. Á Húsavík starfar Hallgrímur Jónsson er fæddur á Stokkseyri þann 9. júlí 1982. Hann lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti og B.A. prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands. Hallgrímur stundaði meistaranám við Háskólann í Aarhus og lauk meistaraþrófi í lögfræði þar. Eftir að laganámi lauk í Danmörku vann Hallgrímur á lögmannsstofunni Ret&Råd Djursland og sinnti þar málum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hallgrímur er einnig menntaður húsasmiðameistari og vann við það í nokkur ár og rak jafnframt sitt eigið fyrirtæki. Hallgrímur hóf störf hjá PACTA í júní 2017.

Opnunartími skrifstofu er 8-16 alla virka daga. Hægt er að hafa samband við Hallgrím í síma 440-7900 og 789-2160 eða á tölvupóstfangið hallgrimur@pacta.is. Erum einnig á Facebook: <https://www.facebook.com/PactaHusavik/>.



Hallgrímur lögfræðingur stendur vaktina fyrir PACTA á Húsavík. Allir sem vilja og þurfa geta leitað eftir þjónustu hjá Hallgrími og félögum hjá PACTA.

Gleðigjafar komu í heimsókn

Eins og venja er komu uppáklædd börn og sungu fyrir starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn. Miðað við veittar veitingar voru um 200 börn sem komu í heimsókn.



Eftirlitsferð í Mývatnssveit

Á dögnum var eftirlitsmaður stéttarfélaganna á ferðinni í Mývatnssveit, sjálfur Aðalsteinn J. Halldórsson. Meðal annars kom hann við í Hótel Reynihlíð þar sem framkvæmdir standa yfir við stækkun og breytingu hótelsins. Á fjórða tug starfsmanna vinna við framkvæmdirnar sem munu ljúka í sumar. Flestir þeirra starfa hjá byggingaverktakanum Húsheild frá Hafnarfirði. Eftir breytingu mun herbergjum hótelsins fjölga nokkuð og allt annað endurnýjað eins og kostur er. Um er að ræða verulegar breytingar á hótelinu sem væntanlega verður mjög glæsilegt.



Á myndinni eru Aðalsteinn, starfsmaður stéttarfélaganna ásamt Einari verkstjóra og Ólafi framkvæmdarstjóra hjá Húsheild.

Þekking ungs fólks á vinnurétti

Anna Sigurjónsdóttir, MPA í opinberri stjórnsýslu, skrifaði lokaritgerð sína um þekkingu ungs fólks á vinnurétti og var verkið styrkt af Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar. Hluti af verkefninu var könnun sem Anna gerði á meðal íslenskra ungmenna.

Svör viðmælenda voru sótt með því að nota spurningalista. Spurningalistinn innihélt lokaðar spurningar þar sem hægt var að velja fyrirframgefna valmöguleika. Könnunin var send á Samband íslenskra framhaldsskóla sem kom henni áfram á nemendafélög í menntaskólum landsins sem síðan dreifði könnuninni til samnemenda sinna. Þýði rannsóknarinnar inniheldur fólk frá aldrinum 18 til 25 ára í menntaskóla og því náði rannsóknin ekki til þeirra einstaklinga sem eru ekki í skóla en eru eftir atvikum á vinnumarkaði. Alls svöruðu 295 nemendur könnuninni. Flestir svarendur spurningakönnunarinnar voru á aldrinum 18-20 ára eða 96%.

Anna dregur niðurstöður könnunarinnar saman með eftirfarandi hætti: *Sjá má að á Íslandi skortir ungt fólk markvissa fræðslu um vinnurétt. Ungt fólk vill fá kennslu um réttindi sín þar sem það skilur mikilvægi þess að vera vel upplýst um réttindi sín á vinnumarkaði og vill helst fá þessa fræðslu í gegnum skólana, sem ættu að taka virkan þátt í að fræða þau um réttindi þeirra. Að ungt fólk fái sína helstu fræðslu um vinnurétt á heimilum sínum getur grafið undan jöfnum rétti til upplýsinga. Þar sem meginástæðu fyrir vinnutengdum vandamálum ungs fólks má rekja til skorts þeirra á þekkingu á lögbundnum vinnurétti sínum er mikilvægt að þessi fræðsla fari fram með markvissum hætti. Vinnumarkaðurinn getur notfært sér þekkingar- og reynsluleysi ungs fólks sem virðist vera raunin hér á Íslandi. Ekki má gera ráð fyrir að ungt fólk viti hvar það eigi að leita ráða þegar þörf krefur. Alltof margir hafa hvorki getu né skilning til að afla sér upplýsinga um rétt sinn. Til er ágætt og fjölbreytt safn fræðsluefnis um vinnurétt sem er ætlað ungu fólki á vinnumarkaði en það virðist því miður ekki skila sér nógu vel. Spennandi og þörf áskorun er að finna leiðir til þess að þessi fræðsla nýtist þeim sem á henni þurfa að halda.*



Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa átt gott samstarf við skólafólk og sveitarfélög á svæðinu varðandi það að efla fræðslu til ungmenna um vinnurétt, skyldur og réttindi þeirra á vinnumarkaði.

Niðurgreiðsla á leikhúsmiðum

Leikdeild Eflingar og Leikfélag Húsavíkur verða með tvær magnaðar sýningar í vetur. Leikdeild Eflingar sýnir leikritið Stöngin inn eftir Guðmund Ólafsson. Leikstjóri er Vala Fannel og tónlistarstjóri Jaan Alavere. Verkið er gamansöngleikur með ABBAtónlist. Það gerist í litlu sjávarporpi þar sem konur bæjarins ákveða að setja eiginmenn sína í kynlífsbann nema þeir hætti að horfa á enska boltann og við fylgjumst með afleiðingum þess.

Leikfélag Húsavíkur mun fljótlega hefja sýningar á leikritinu Sjóræningjaprinsessunni. Verkið fjallar um Sofíu sem elst upp á gisti húsinu Sporðlausu hafmeyjunni á friðselli eyju í Suðurhöfum. Höfundur verksins er Ármann Guðmundsson sem Þingeyingar þekkja. Guðmundur Svavarsson samdi tónlistina í verkinu ásamt Ármanni sem á sömuleiðis söngtextana auk Sævars Sigurgeirssonar. Á Sporðlausu hafmeyjunni er húsbænd sem leikur undir í söng og dansi. Leikstjóri verksins er hin góðkunnna María Sigurðardóttir.

Stéttarfélögin niðurgreiða leikhúsmiðana fyrir félagsmenn. Forsendan fyrir því er að félagsmenn hafi samband við Skrifstofu Stéttarfélaganna áður en þeir fara í leikhúsið og fái afsláttarmiða hjá félögnum. Samkomulag stéttarfélaganna við leikfélögin fela í sér kr. 1000 í afslátt frá fullu verði á leikhúsmiðanum.

Starfsþróun metin til launa hjá sveitarfélögum

Við gerð síðustu kjarasamninga Starfsgreinasambands Ísland og Samband íslenskra sveitarfélaga var samþykkt að veita 2% persónulag vegna starfsþróunarnámskeiða skv. grein 10.2.1 sem gildir frá 1. janúar 2018. Nánar má lesa um málið á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands eða með því að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Fjörugur aðalfundur verslunar- og skrifstofufólks

Þriðjudaginn 6. febrúar kl. 20:00 var haldinn aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar. Fundurinn var að venju málefnalegur og skemmtilegur. Reyndar var ekki fullt hús en þeir sem komu nutu þess að taka þátt í góðum fundi. Formaður deildar DVS, Jóna Matthíasdóttir flutti skýrslu stjórnar vegna síðasta starfsárs, góðar umræður spruttu upp í kjölfarið. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Framsýnar. Stjórnin var endurkjörin enda skilað miklu og góðu starfi á liðnu starfsári. Hana skipa: Jóna Matthíasdóttir formaður, Jónína Hermannsdóttir og Dómhildur Antonsdóttir og í varastjórn Anna Brynjarsdóttir og Karl Hreiðarsson. Auk venjulegra aðalfundarstarfa gerði Aðalsteinn Árni Baldursson stuttlega grein fyrir hækkingu styrkja til félagsmanna til náms og tengdrar þátttöku. Með nýjum reglum hækkar hámarksstyrkur í upphæð 130.000- á ári eða að hámarki 90% námskostnaðar. Ef réttur er ekki nýttur safnast hann á milli ára og getur mest orðið 390.000 krónur, það er þriggja ára réttur. Þá eiga félagsmenn einnig auka réttindi í Fræðslusjóði Framsýnar sem kemur félagsmönnum sem eru í dýru námi sérstaklega vel. Hann minnti á að upplýsingar um styrkina eru fáanlegar á skrifstofu félagsins auk þess má þær finna á vefsíðunni www.starfsmennt.is. Í fundarboði var þess getið að flutt yrðu erindi um þróun verslunar og þjónustu í heimabyggð „Hvernig get ég aðstoðað?“ Jóna Matthíasdóttir og Aðalsteinn Árni fluttu sitt hvort erindi um verslun og þjónustu á Húsavík og hvaða tækifæri geta legið með aukinni vefverslun. Tækifærin geta verið til staðar hjá verslunum á svæðinu. Tilgangur erindanna var að kalla fram umræður og viðbrögð og vekja fólk til umhugsunar um hvað hægt er að gera og hvernig skal bregðast við breyttum verslunarháttum. Erindunum var vel tekið og urðu töluverðar umræður um stöðu verslunar og þjónustu í Þingeyjarsýslum. Undir liðnum önnur mál urðu umræður um atvinnumál og kjarasamninga, eftirfarandi var bókað í fundargerð:



Stjórn Deildar- verslunar og skrifstofufólks er eintaklega vel mönnum. Meðfylgjandi mynd var tekin af stjórninni í lok aðalfundarins. Jóna Matthíasdóttir formaður, Jónína Hermannsdóttir, Dómhildur Antonsdóttir og í varastjórn Anna Brynjarsdóttir og Karl Hreiðarsson.

Viðræður í gangi vegna PCC

Stéttarfélagin Framsýn og Þingíðn hafa átt í viðræðum við Samtök atvinnulífsins vegna starfsemi PCC á Bakka. Í burðarliðnum er samkomulag um kjör og aðbúnað starfsmanna. Viðræðurnar ganga á út að aðilar geri með sér skammtíma samkomulag sem gildi fram á haustið 2018. Það er meðan unnið er að því þróa starfseminna. Í kjölfarið verði gerður annar samningur með gildistíma til næstu ára.

Starfsmenn Jarðborana samþykktu samning

Starfsmenn og stjórnendur Jarðborana gengu nýlega frá samkomulagi aðila um störf pallmanna/öryggisfulltrúa, karmanna/mastursmanna/ aðstoðarborara og vaktformanna. Samkomulagið var undirritað 11. janúar 2018 og byggir á 5. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um fyrirtækjapátt kjarasamninga.

Framsýn tók að sér að sjá um atkvæðagreiðsluna. Viðhöfð var póstatkvæðagreiðsla. Samtals voru 45 starfsmenn Jarðborana á kjörskrá. Atkvæði greiddu 25 eða 56% þeirra sem voru á kjörskrá.

Já sögðu 16 starfsmenn (73% hlutfall af gildum atkvæðum)

Nei sögðu 6 starfsmenn (27% hlutfall af gildum atkvæðum)

Ógild atkvæði voru þrjú.



Atkvæði talin, María Jónsdóttir og Jóna Matthíasdóttir ásamt formanni Framsýnar, Aðalsteini Árni Baldurssyni skipa kjörnefnd félagsins. Þau sáu um að telja atkvæðin í atkvæðagreiðslunni.

Línuuppbót 2018 skv. kjarasamningi milli SSÍ og SFS

Að gefnu tilefni er vakin athygli á því að í síðustu kjarasamningum milli SSÍ og SFS sem Framsýn og VP eiga aðild að kom inn ákvæði um sérstaka línuuppbót til skipverja á línuskipum með beitingavél sem eru á útleigu. Þetta ákvæði kom inn í alla kjarasamninga sjómanna sem undirritaðir voru þann 18. febrúar 2017. Í grein 2.06 í kjarasamningi SSÍ segir:

“Skipverji sem er á línuþátum með beitingavél á útleigu sem hefur verið 110 til 160 daga á sjó skal fá greidda línuuppbót miðað við fjölda úthaldsdaga á sjó. Hafi skipverji verið fleiri en 160 daga á sjó skal hann njóta fullrar línuuppbótar, en annars hlutfallslega þar sem uppbótin lækkar um 2% hvern fækkaðan dag. Óskert línuuppbót skal vera kr. 50.000 og greiðist fyrir 15. janúar ár hvert miðað við úthald síðastliðins almanaksárs. Skipverji sem hefur tekjur yfir kr. 50.000 á hvern úthalds-dag, á ekki rétt á þessari greiðslu. Hætti skipverji störfum hjá útgerð fyrir lok almanaksárs, skal hann fá línuuppbót greidda við lokauppgjör.”

Nemendur Borgarhóls-skóla í heimsókn

Nemendur 10. bekkjar Borgarhólskóla komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna í byrjun febrúar. Þeir fengu fræðslu um starf og hlutverk stéttarfélaganna. Mikil þörf hefur verið á vinnuafl í Þingeyjarsýslum undanfarin ár. Enda kom það í ljós að drjúgur hluti nemenda voru þegar komin á vinnumarkaðinn. Eins og áður hefur komið fram eru fulltrúar stéttarfélaganna ávallt tilbúnir að koma með fræðslu í skóla og á vinnustaði sé eftir því leitað.



Áhugasamir nemendur úr Borgarhólskóla á Húsavík komu í heimsókn á dögnum til að fræðast um atvinnulíf og starfsemi stéttarfélaganna. Glæsilegur hópur.

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að veggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útisvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsofa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útisvæði. Frá flugvelli í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvelli með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. er WOW air, Icelandair og Dreamjet.

Verð á íbúð:

Sumartími frá 1. apríl - 30. september, vikuleiga kr. 56.000,- og hver dagur eftir það á kr. 7.000,-.

Vetrartími frá 1. október - 31. mars, vikuleiga kr. 42.000,- og hver dagur eftir það á kr. 5.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 1.500 per. dag sem gist er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante.

Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna og á skrifstofu Verkalýðsfélags Þórshafnar.



Boðið til veislu 1. maí

Að venju bjóða stéttarfélagin til mikillar veislu í íþróttahúsinu á Húsavík 1. maí á alþjóðlegum hátíðisdegi verkafólks. Hátíðin hefst kl. 14:00. Þessa dagana er unnið að því að ganga frá dagskrá hátíðarinnar sem verður auglýst síðar.

PACTA

Við gerum enn betur við félagsmenn

- Lögfræðipjónusta í boði -

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa gert samkomulag við PACTA lögmann um almenna þjónustu við félagsmenn sem þurfa á lögfræðipjónustu að halda er varðar þeirra einkamál. Fyrir eru stéttarfélagin við samning við Lögmannsstofuna Mandat um lögfræðipjónustu fyrir félagsmenn er tengist kjaramálum og réttindum þeirra á vinnumarkaði.

Samkomulag stéttarfélaganna við PACTA lögmann byggir á því að félagsmenn geta leitað til þeirra með þjónustu. Ekki þarf að greiða fyrir fyrsta tímamann sem er gjaldfrjál. Komi til þess að lögmann PACTA þurfi að vinna frekar í málum fyrir félagsmenn fá þeir 15% afslátt frá fullu gjaldi.

Til fróðleiks má geta þess að PACTA býður upp á alla almenna lögfræðipjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Um er að ræða persónulega þjónustu á fimmtán starfsstöðvum víðs vegar um land, m.a. að Garðarsbraut 26 á Húsavík, efri hæð. Þar starfar Hallgrímur Jónsson lögfræðingur.

Símínn á skrifstofunni er 440-7900.

Opnunartími skrifstofu er 8-16 alla virka daga.

Félagsmenn sem vilja nýta sér þessa þjónustu er bent á að hafa samband við Hallgrím Jónsson, hallgrimur@pacta.is eða við Ásgeir Örn Blöndal lögmann asgeiorn@pacta.is.

Heimasíða PACTA, lögmannna er pacta.is og símanúmerið er 4407900.

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



FRAMSÝN

Viltu eignast ljóðabók?



Ljóðabókin.



Björg Pétursdóttir.

Í tilefni af 100 ára afmæli Verkalýðnafélagsins Vonar 28. apríl 2018 hefur Framsýn í samstarfi við aðstandendur Bjargar Pétursdóttur ákveðið að gefa út ljóðabók með völdum ljóðum eftir hana. Um er að ræða veglega ljóðabók með um 80 ljóðum. Björg Pétursdóttir var mikil baráttukona sem hafði forgöngu um að konur á Húsavík stofnuðu með sér verkalýðsfélag 1918 til að berjast fyrir bættum kjörum og vinna að brýnum samfélagsmálum í þorpinu við Skjálfaða. Í tilefni af útgáfunni hefur Framsýn ákveðið að gefa öllum þeim sem vilja ljóðabókina að gjöf. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna vilji þeir eignast eintak af bókinni, það er fyrir 15. mars. Sérstök athöfn til heiðurs Björgu verður í Menningarmiðstöð Þingeyinga laugardaginn 28. apríl kl. 14:00 en hún fæddist á Birningsstöðum í Laxárdal 17. desember 1875. Útgáfudagur bókarinnar er jafnframt 28. apríl 2018.



Sparaðu eins og meistari

Til þess að verða meistari í þínu lífi þarftu að setja þér raunhæf markmið. Skráðu þig í reglubundinn sparnað hjá Íslandsbanka strax í dag og taktu fjármálin með trompi. Eins og meistari!

islandsbanki.is/meistari